

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Lindaskóli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 18. mars 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Lindaskóla, Núpaland 7. Í tillögunni felst að heimilt verður að byggja tveggja hæða byggingu við norðurálmú skólans, um 230 m² að grunnfleti eða um 460 m² að samanlögðum gólfleti. Þakhæð viðbyggingarinnar verður allt að 10,6 m. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. janúar til 27. febrúar 2004 með athugasemdafresti til 15. mars 2004. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. apríl 2004.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.